71 6. apríl. fundum bœjarstjórnarinnar, læt jeg ekki hjálíða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar að standa, verður við úrskurð þann, sem þjer hafið fellt um þetta mál 15. febrúar f. á.[1] og er þar svo að orði kveðið, að bœjarfógetinn hafi rjett til að taka þátt í atkvæðagreiðslu bœjarstjórnarinnar.

72 12. apríl. — *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* tíundarskyldu presta. — Í brjefi frá 8. þ. m. hafa stiptsyfirvöldin skotið til úrskurðar míns eptirnefndum spurningum prófastsins í Árnesprófastsdœmi.

1. hvort lög 12. júlí 1878 skyldi presta til að greiða lausafjártíund til kirkna og prestaekkjur til að greiða sama gjald til prests og kirkna.

2. hvort rjett sje á prestssetrum að draga frá áhöfn jarðanna sem kúgildi 1 lausafjárhundrað fyrir hver 5 jarðarhundruð, án tiltits til þess, hvort prestakallið á svo mörg kúgildi á jörðunni.

3. hvort leyfi það standi en óhaggað, sem gefið var í 4. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782, til að draga undan tíund hross þau og geldfje, er fylgir sumum prestaköllum.

Fyrir því er yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda:

Við 1. Eins og það hefir verið tilgangurinn með lausafjártíundar-lögin frá 12. júlí 1878, að gefa ítarlegar fyrirskipanir um hverjir eigi að greiða þetta gjald, þannig sýna orðin í 1. gr. laganna, þegar þau eru borin saman við 12. gr., að allar þær undanþágur frá lausafjártíund, sem hin eldri löggjöf einkum 4.—6. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782 heimila, eru úr gildi gengnar. Jeg fæ því eigi betur sjeð, en að hin sama skylda hvíli nú á prestum og prestaekkjum sem á öðrum til að greiða lausafjártíund. Að öðru leyti er það vitaskuld, að hlutaðeigendur geta œskt úrskurðar dómstólanna um þetta mál.

Við 2. Jeg er á sama máli og stiptsyfirvöldin um það, að 8. gr. laga frá 12. júlí 1878 veiti ekki heimild til að draga frá framtalinu til tíundar fleiri föst innstœðukúgildi, en prestssetrinu fylgja í raun rjettri, þó þessi kúgildi sjeu færri en 1 fyrir hver 5 jarðarhundruð.

Við 3. Eins og að ofan er tekið fram, má álíta, að 4. gr. reglugjörðarinnar 17. júlí 1782 sje afmáð með lögum frá 12. júlí 1878.

73 13. apríl. — *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* lán handa prestakalli. — Eptir að hafa með tekið þóknanlegt álit stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 8. þ. m. viðvíkjandi beiðni frá prestinum að Felli í Skagafjarðarprófastsdœmi um lán úr landssjóði til þess að þurrka upp stöðuvatn í landi prestssetursins, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg fellst á, að tjeð prestakall taki 300 kr. lán til hins nefnda fyrirtœkis, og að lán þetta muni geta fengizt úr landssjóði með þeim kjörum, að fyrstu 5 árin sjeu að eins greiddir 4% ársvextir af því, en síðan sjeu auk vaxtanna greiddar á hverju ári 25 kr. upp í höfuðstólinn, þannig að lánið verði að fullu endurborgað á 12 árum.

74 13. apríl. — *Ágrip af brjefi* landshöfðingja *til biskups um* uppbót á prestaköllum. —

1) Sjá stjórnartíðindi 1879 B. 28, bls. 27—28.

Samkvæmt tillögum biskups var með þessu brjefi og öðru frá 7. s. m. þeim 7000 kr., sem í fjárlögum fyrir árin 1880 og 1881, 12. gr. A. b. 1. eru veittar til bráðabirgða- uppbótar fátækum brauðum, úthlutað þannig: **74** 13. apríl.

A. Brauð, sem prestar eru í:

1. Klyppstaður	100 kr.	18. Fell	200 —
2. Stöð	200 —	19. Knappstaðir	100 —
3. Sandfell	400 —	20. Miðgarður í Grímsey	200 —
4. Reynisþing	200 —	21. Hvanneyri	200 —
5. Staður í Grindavík	200 —	22. Kvíabekkur	200 —
6. Gufudalur	100 —	23. Skútustaðir	200 —
7. Flatey	100 —	24. Þönglabakki	300 —
8. Brjámslækur	200 —	25. Lundarbrekka	200 —
9. Sauðlauksdalur	100 —	26. Presthólar	200 —
10. Álptamýri	100 —		4800 —
11. Kirkjubólsþing	200 —	B. Laus brauð:	
12. Staður í Grunnavík	200 —	1. Ásar og Búland	700 kr.
13. Staður í Aðalvík	400 —	2. Selvogsþing	500 —
14. Tröllatunga	100 —	3. Otrardalur	400 —
15. Prestsbakki	100 —	4. Sandar í Dýrafirði	200 —
16. Hvammur og Keta	200 —	5. Húsavík	200 —
17. Goðdalir	100 —	6. Þóroddsstaður	200 —
	Flyt 3000 —		Samtals 7000 —

Fluttar 3000 kr.

— *Ágrip af 2 brjefum* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* styrk handa barnaskólum. — Hreppsnefndin í Stokkseyrarhreppi hafði stofnað barnaskóla á Stokks- eyri, auk barnaskólans á Eyrarbakka og lagt báðum þessum skólum 150 kr. árlega og fór hún þess nú á leit að fá 300 kr. styrk af fje því, er getur um í 12. gr. 7. fjárlaganna. Hreppsnefndin í Rosmhvalaneshreppi hafði lagt barnaskólanum í Gerðum 200 kr. ársstyrk og sótt um jafnmikinn styrk úr landssjóði. Þetta hvorttveggja var veitt um fardagaárið 1880—81 með því skilyrði, að gjörður yrði reikningur fyrir tekjum og gjöldum hlutaðeigandi skóla, er sýndi, að bæði landsjóðs- og sveitarsjóðsstyrknum hefði verið varið skólanum í hag. **75** 14. apríl.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* ferðastyrk handa skólakennara. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað danska þýðingu á beiðni, er yður hafði borizt frá settum kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, Sigurði Sig- urðarsyni, og þar sem hann fer fram á að fá styrk að upphæð 700—800 kr. til þess nú í sumar að ferðast til Frakklands og auka þar þekkingu sína á frakkneskri tungu og bókmenntum, og hafið þjer í þóknanlegu brjefi frá 9. febrúar þ. á. lagt það til, að ráð- gjafinn vildi veita beiðandanum af þeim hluta, er ráðgjafinn hefir umráð yfir af fje því, sem getur um í 15. gr. fjárlaganna, annaðhvort 700 kr. ferðastyrk eða þá helming þess- arar upphæðar og yrði þá hinn helmingurinn greiddur af þeim hluta, er þjer hafið um- ráð yfir af nefndu fje. **76** 14. apríl.

Fyrir því skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeining- ar og frekari ráðstafanar, að ráðgjafinn, eptir því sem ástatt er, fellst á, að beiðandinn